

Sæll herra sjáfarútvegsráðherra Jón Bjarnason

Magnús Mörður Gunnbjörnsson heiti ég og er búfræðingur að mennt og áhugamaður um friðun fjarða hér suðvestan og á Vestfjörðum og sér í lagi á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar sem ég hef búið bæði á Rauðasandi og á Patreksfirði hefur það sviðið mig mikið að sjá snurvoðabáta og bragnótabáta vaða inn fjörðinn nánast inní botn og aftur út eiðandi öllu sem fyrir verður og ennþá sárara er að vita að Patreksfjörðurinn er talinn ein besta uppeldisstöð fyrir þorsk á Íslandi samkvæmt skýrslu sem kom út held ég 2002 eftir að Dröfnin hafði verið á svæðinu og rannsakað það í þaula. Ég veit að seiði sem lenda í miklu gruggi á kviðpoka stigi drepast (ég lærði fiskeldi á Kirkjubæjarklaustri í tvö ár og veit nokkuð um hversu viðkvæmt lifið er á hliðpokastiginu) en ár eftir ár eru þessir morðbátar á ferðinni og drepa þúsundir seiða og engin gerir neitt það er vegna þess að þú tilheyrir Vinstrihreyfingunni grænuframboði að mér datt í hug að vekja áhuga þinn á þessu máli og að mínu mati er þetta ekki mikið mál að loka þessu með einni reglugerð eða svo að breyta þessu. Einnig vil ég fara framá það að svæðið sem ég setti inn frá Bjarntöngum og yfir í stálfjall verði dregin sem allra fyrst þar sem það er bara arðrán að leifa skipum að veða nánast uppí landi mér er alveg sama hvað þeir í Hólminum segja en það eru aðallega bátar þaðan sem eru að snurpa uppí landi. Þætti mér vænt um að fá álit þitt á þessu bréfi frá þér sjálfum en ekki frá starfsfólki ráðaneytisins.

Virðingarfyllst
Magnús Mörður Gunnbjörnsson
Búfræðingur og kokkur
mmordur@simnet.is



